

23.03.2016

## **Hækkun á hlutafé í Reginn hf.**

Reginn hf. hefur aukið hlutafé sitt um 126.600.000 krónur að nafnverði. Heimild hluthafafundar er frá 22. mars 2016 og ákvað stjórn Regins á fundi sínum síðar þann sama dag að nýta fyrrgreinda heimild hluthafafundar. Hlutafjárukningin er vegna kaupa Regins á fasteignafélögunum Ósvör ehf. og CFV 1 ehf. Lögbundinn forgangsréttur hluthafa gildir ekki um hið nýja hlutafé.

Hlutafé í Reginn fyrir hlutafjárukninguna var 1.428.700.000 krónur að nafnvirði og er að henni lokinni 1.555.300.000 krónur að nafnvirði. Hver hlutur í Reginn er ein króna að nafnvirði eða margfeldi þar af. Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé. Reginn á ekki eigin hluti. Hinir nýju hlutir veita réttindi í Reginn frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar hjá Fyrirtækjaskrá. Sölubann gildir um hina nýju hluti þannig að 30% hlutanna verða seljanlegir við afhendingu, 60% eftir 6 mánuði og 100% eftir 9 mánuði frá afhendingu.

### **Nánari upplýsingar veitir:**

Helgi S. Gunnarsson – Forstjóri – [helgi@reginn.is](mailto:helgi@reginn.is) – S: 512 8900 / 899 6262